

Nd.

466. Nefndarálit

[104. mál]

um frv. til laga um fangelsi og vinnuhæli.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. 1. mgr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra skal ákvarða, hvar byggja skal ríkisfangelsi. Því skal eftir nánari ákvörðun dómsmálaráðherra m. a. skipt í eftirtaldar deildir: einangrunarfangelsi, öryggisgæzludeild, geðveilladeild, varðhald, gæzluvarðhald og móttökudeild. Í reglugerð skal kveðið á um skiptingu ríkisfangelsis í sjálfstæðar rekstrareiningar.

2. Við 8. gr. 2. mgr. orðist svo:

Fangar skulu fá greidd laun fyrir vinnu sína í hælunum, og setur dómsmálaráðherra reglur um vinnuna og launagreiðslur, og skal taka tillit til arðsemi vinnunnar og launa á almennum vinnumarkaði við ákvörðun launa. Heimilt er dómsmálaráðherra að ákvarða með reglugerð, að ákveðinn hundradshluti af launum fanga fari í skyldusparnað, og skal sú upphæð, sem þannig sparast, annaðhvort renna til fjölskyldu fangans eða afhendast honum að lokinni afplánun refsingar. Setja skal nánari reglur um framkvæmd þessa í reglugerð.

3. Við 11. gr. 2. ml. orðist svo: Skipa skal öðrum fremur lögfræðing eða félagsráðgjafa, og skulu þeir sérstaklega hafa kynnt sér fangelsismál.

4. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Starfrækja skal sérstaka stofnun til þess að annast umsjón og eftirlit með þeim, sem frestað er ákværu gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða leystir úr fangelsi með skilyrðum. Skal stofnunin í starfi sínu hafa samvinnu við félagsmálastofnanir, eftir því sem við á.

5. Við 16. gr. Orðin „og kvennafangelsi“ í 1. ml. 3. mgr. falli brott.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum.

Bjarni Guðnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins vegna veikinda.

Alþingi, 29. marz 1973.

Svava Jakobsdóttir,
form., frsm.

Gísli Guðmundsson.

Ellert B. Schram.

Pétur Pétursson.

Stefán Valgeirsson.

Ólafur G. Einarsson.